




Reykjavík, 5. júní 2025
USK25050197

Dunhagi 11-17 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / hjólageymsla


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Landslags ehf., ásamt bréfi, dags. 13. maí 2025, um að koma fyrir hjólageymslu á lóð nr. 11-17 við Dunhaga, samkvæmt uppdr. Landslags, dags. 9. maí 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd af lóðinni



Tillaga af hjólageymslu

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarsvæði, Hagar.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi hverfis né deiliskipulag fyrir svæðið.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að byggja 30 m² hjólageymslu á fjölbýlishúsalóðinni nr. 11-17 við Dunhaga samkvæmt tillögu hér að ofan. Engar frekari teikningar fylgja fyrirspurninni.

Ekki er gerðar skipulagslegar athugasemdir við að heimila 30 m² hjólageymslu á lóðinni. Mikilvægt er að passa upp á að aðgengi sé gott og að hjólageymslan falli vel að umhverfinu. Sækja þarf um byggingarleyfi sem síðar verður grenndarkynnt.

Niðurstaða

- Jákvætt samanber umsögn hér að ofan. Sækja þarf um byggingarleyfi sem síðar verður grenndarkynnt. Samþykki allra meðlóðarhafa þarf að fylgja byggingarleyfisumsókninni.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri og arkitekt



Reykjavík